

Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 54. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Ráðhús
Hornafirði 3. hæð,
5. október 2017, kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Hugrún Harpa Reynisdóttir svæðisráðsfulltrúi, Sigurlaug Gissuraradóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarféлага, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir. Einnig Helga Árnadóttir og Regína Hreinsdóttir sem ritar fundargerð. Sigurlaug Árnadóttir mætti kl. 11 og Guðrún Inga er í síma.

1. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Fyrir fundinum lágu drög að rekstraráætlun fyrir árið 2018, fyrir þjóðgarðinn í heild og fyrir suðursvæðið.

Við skoðun á drögum að fjárlögum fyrir árið 2018 er ljóst að töluvert vantar upp á til að hægt sé að halda uppi sambærilegum rekstri í Vatnajökulsþjóðgarði og árið 2017. Má þar nefna að ekki er gert ráð fyrir viðbótarlandvarðavikum sem fengust í gegnum Stjórnstöð ferðamála og ekki er heldur gert ráð fyrir þeim viðbótarkostnaði við eftirlit sem fylgir stækkun þjóðgarðsins með kaupum á Fellsjörðinni og þjóðlendum á Breiðamerkursandi. Minnt er á að Jökulsárlón sem bættist við þjóðgarðinn er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum á Íslandi. Svæðisráð telur nauðsynlegt að fjárlög ársins 2018 taki að minnsta kosti mið af raunverulegum rekstrarkostnaði Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2017 auk viðbótarkostnaðs vegna stækkunar þjóðgarðsins við Jökulsárlón.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Svæðisráð fagnar því að vinna er hafin við endurskoðun deiliskipulags á svæðinu en leggur áherslu á að þegar í stað verði farið í framtíðaruppbyggingu fremur en að ráðist verði í bráðabirgðauppbyggingu á núverandi stað. Forðast verði að raska meira því svæði þar sem núverandi þjónustusvæði er. Svæðisráð óskar eftir að fulltrúar GlámuKím komi inn á næsta fund svæðisráðs til að ræða framhaldið.

3. Jökulsárlón og þjóðlundur - 1709003

Formaður fór yfir stöðu mála og nú er unnið að því að finna fjármagn til verksins.

4. Íshellaferðir veturinn 2017-2018 - 1709016

Gestir

Magnús Tumi Guðmundsson í síma - 13:00

Magnús Tumi fór yfir afrakstur vinnu við áhættumat fyrir íshella. Umræður voru um framkvæmd matsins. Einnig ræddar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri. Boðað verður til samráðsfundar með ferðapjónustuaðilum sem allra fyrst þar sem hætta þurfti við áður boðaðan fund vegna ófærðar.

Hópur sem tekur út íshelli - hvenær þarf að taka út, hreinsa lausan ís úr inngangi og gangvegi. Hver sér um viðhald og rekstur vegar frá þjóðvegi. Hvar á að stoppa inn við jökul? Hvar er hlið til að tilkynna sig inn. Hver er ábyrgur þegar eitthvað gerist "slys". Hugmynd um að fyrirtækin kaupi armbönd sem viðskiptavinir fái og þá er hægt að tékka á hvar sem er. Rýming, hvað tekur langan tíma að rýma hellinn og hvað er ásættanlegur tími. Þeir sem koma á eigin vegum, hvaða kröfur á að gera.

5. Atvinnustefna - 1709017

Svæðisráð ítrekar að klára þurfi vinnu við atvinnustefnu og uppfæra þurfi drögin frá 2013 í samræmi við ný lög og reglugerð.

6. Stjórn- og verndaráætlun - 1709012

Helga fór yfir nýjustu drög að stjórnunar- og verndaráætlun með tilliti til þeirra athugasemda sem svæðisráð hefur sent frá sér. Ekki hefur verið tekið tillit til margra innsendra athugasemda í þessum drögum. Helgu falið að fylgja athugasemdum svæðisráðs eftir við Kristján ritstjóra.

7. Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð - 1709004

Reglugerðarbreyting lögð fram. Í reglugerðinni segir að óheimilt sé að reka atvinnutengda starfsemi án samnings um slíkt við þjóðgarðinn. Svæðisráð telur að hér megi taka skýrar til orða t.d. hvort þetta á einnig við um atvinnutengda starfsemi sem hefst fyrir utan þjóðgarð og er kannski bara með stutta viðdvöl innan þjóðgarðs.

8. Starfsemi þjóðgarðsins sumarið 2017 - 1709008

Regína og Helga fóru yfir starfsemi sumarsins í Skaftafelli og á Höfn. Rósa kynnti starfsemina á Jökulsárlóni í sumar og þær áskoranir sem blasa við þar.

9. Innleiðing One fundar og skjalavistunarkerfis - 1709001

Formaður kynnti fundarkerfið.

Fundi slitið kl. 16:00.